

87. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn í Skor þekkingarsetri á Patreksfirði miðvikudaginn 16. maí 2012 kl. 10:00.

Mættir : Björgvin Sigurjónsson, Magnús Ólafs Hansson og Heiðrún Eva Konráðsdóttir forstöðumaður Minjasafnsins. Egill Ólafsson boðaði forföll en bað fyrir kveðjur á fundinn.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

Dagskrá:

1. Heimasíða safnsins
2. Starfsmannamál sumarsins
3. Kaffitería safnsins
4. Fegrún, snyrtung og viðhald húseigna safnsins
5. Sýningar í sumar
6. Milliuppgjör (fyrstu fjóra mánuði ársins)
7. Önnur mál

Magnús Ólafs Hansson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Hér var gengið til dagskrá.

1. Forstöðumaður upplýsti að tvö tilboð hafi borist henni er varðar heimasíðu safnsins. Annað tilboðið hljóðar uppá 170.000 kr. fyrir utan vsk. og hitt upp á 250.000 kr. fyrir utan vsk. Hún upplýsti aðra möguleika í stöðunni s.s. að setja upp heimasíðu til bráðabirgða fyrir komandi sumar sem kostar mun minna eða ca. 40.000 kr. fyrir árið. Þá væri hún búin að setja upp Facebook síðu fyrir safnið. Forstöðumanni falið að ganga frá bráðabirgðaheimasíðu fyrir opnunartíma 2. júní
2. Forstöðumaður hefur lagt drög að því að ráða two starfsmenn á safnið komandi sumar. Þeir eru Bjarnveig Ásta Guðjónsdóttir og Anna Rúnarsdóttir. Stjórnin fagnar ráðningu þeirra.
3. Eftir undangengna auglýsingu vegna ráðningar rekstraraðila á kaffiteríu safnsins ákvað forstöðumaður að ganga til samninga við Hótel Breiðavík. Þrí aðilar sóttu um reksturinn fyrir utan Hótel Breiðavík og voru þeir Hótel Látrabjarg í Örlygshöfn og Aðalbjörg Hrafnasdóttir úr Reykjavík. Stjórnin fagnar væntanlegri ráðningu.
4. Ljóst er að fara verður í verulegar lagfæringar á og við safnhúsið á Hnjóti. Tilboð hefur borist í málningu á húsinu, þ.e. þaki, steinveggjum og tréverki.
Tilboðið hljóðar upp á 930.500 kr. m. vsk.

Þá hefur tilboð borist í að þökuleggja brekkur fyrir utan safnið og færa minnisvarða sem stendur við safnið. Um er að ræða að þökuleggja u.þ.b. 300 m² og hljóðar tilboðið upp á 2.600 kr. pr. m² með vsk.

Tilboðið hljóðar upp á 780.000 kr. m. vsk. (meðfylgjandi myndir).

Þá hefur einnig borist tilboð í viðgerð á glerskyggni, sem gert var við til bráðabirgða fyrr í veturn vegna mikils vatnsleka.

Tilboðið hljóðar upp á 332.080 kr.

*JOMH
HEK 155*

Eftir umsagnir fulltrúa Þjóðminjasafnsins var leitað tilboða í að fjarlægja og farga nótábatnum við safnið. Tilboð barst í að fjarlægja nótábatinn við safnið og koma honum á förgunarstað á Patreksfjörð.

Tilboðið hljóðar upp á 150.000 kr. m. vsk.

Samtals hljóða tilboðin upp á : 2.192.580 kr.

Stjórn Minjasafns Egils Ólafssonar óskar eftir því við Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps að hún hlutist til um að fjármagna tiltektirnar, viðgerðirnar og endurbætur á og við safnið fyrir opnunartíma 2. júní nk.

5. Forstöðumaður upplýsti að verið sé að setja upp sýningu með myndum og munum, í innri hluta Minjasafnsins, úr lífshlaupi skáldsins Jóns úr Vör og Steingríms Sigfússonar tónskálds. Sýningin veður opnuð laugardaginn 2. júní nk.
Þá er hún einnig með í vinnslu endurbætta sýningu á björgunarafrékinu við Látrabjarg sem hún hyggst opna á Safnadaginn um miðjan júlí nk. en hún er í heimildaöflun vegna viðtala við einstaklinga ásamt heimildaöflun á myndum og munum
6. Fyrir liggar bráðabirgða milliuppgjör fyrstu fjóra mánuði þessa árs. (Meðfylgjandi).
Skv. uppgjörinu lýtur út fyrir að rekstur safnsins sé í jafnvægi.
7. Önnur mál.
 - a. Stjórnin heimilar forstöðumanni að stofna reikning fyrir safnið sem sérstaklega verði ætlaður sýningahaldi. Allir umsóttir styrkir sem fást vegna sýningahalds verði lagðir inn á viðkomandi reikning. Stjórnarformanni falið að ganga frá stofnun reikningsins með forstöðumanni.
 - b. Stjórn og forstöðumaður stefna að því að vera með sérstaka athöfn í tengslum við væntanlega sýningu á björgunarafrékinu við Látrabjarg 1947 um miðjan júlí nk.
 - c. Borist hefur bréf frá fulltrúum Þjóðminjasafnsins þar sem fram kemur að þeir sjá ekkert því til fyrirstöðu að farga nótábatnum sem er við Minjasafnið. Stjórn Minjasafns Egils Ólafssonar ákveður hér með, þar sem báturinn er ónýtur af fúga og er lýti á safnasvæðinu að hann verði fluttur burt af svæðinu og honum fargað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature reads "Hagni Ólafsson". The middle signature reads "Heidrun Eva konráðsdóttir". The bottom signature reads "Björn Sigurðsson".